

Ágæti skólastjóri.

Menntamálastofnun fer þess vinsamlegast á leit við skólastjóra að þeir komi [meðfylgjandi bréfi](#) um endurfyrirlögn samræmdra könnunarprófa til nemenda í 9. bekk og foreldra/forráðamanna þeirra.

Vakin er athygli á að heimildir fyrir undanþágur frá samræmdum könnunarprófum hafa verið rýmkaðar með breytingu á reglugerð um prófin ([sjá hér](#)). Þannig nær heimild skólastjóra til að veita undanþágu nú einnig til þeirra nemenda sem kjósa að taka ekki samræmd könnunarpróf vegna þeirra annmarka sem voru á fyrirlögn prófanna 7. og 9. mars sl.

Skólastjórar hafa val um hvort þeir nýti eyðublöð fyrir undanþágur sem eru á vef Menntamálastofnunar eða afli upplýsinga um þátttöku nemenda í prófunum frá foreldrum með öðrum hætti. Rétt er að taka fram að gert er ráð fyrir að þeir nemendur sem fengið hafa einkunnir úr prófunum hafi lokið próftöku og þurfi því ekki sérstaka undanþágu. Tilkynningar um undanþágur fyrir þá nemendur sem ekki fengu einkunnir úr fyrra prófi og munu ekki þreyta prófin þegar þau verða lögð fyrir að nýju þarf að skrá í Skólagátt fyrir 23. apríl vegna fyrirlagnarinnar sem hefst 30. apríl nk.

Einkunnir nemenda í samræmdum könnunarprófum í íslensku, ensku og stærðfræði eru nú aðgengilegar í Skólagátt. Vinsamlegast athugið að hver skóli þarf að prenta út einkunnablöð og afhenda nemendum.

Í Skólagátt eru einnig aðgengileg sýnispróf fyrir hvern nemenda í hverri námsgrein. Þar getur nemandi séð rétt svör, röng svör og hvaða prófatriðum var ekki svarað.

Við minnum skólastjóra á að láta vita um fyrirhugaðar dagsetningar á fyrirlögn prófanna í ensku og íslensku, sbr. tölvupóstur sem var sendur 10. apríl.

Menntamálastofnun hefur leitast við að skapa sem mest svigrúm fyrir skóla vegna endurfyrirlagnar prófanna. Eru skólastjórar hvattir til að nýta sér möguleika til að einfalda framkvæmdina um leið og réttinda nemenda er gætt.

Stofnunin veitir skólum fúslega frekari upplýsingar og aðstoð ef óskað er.

Með kveðju,  
Sverrir Óskarsson,  
sviðsstjóri matssviðs.